



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp um brottfall ýmissa laga (úrelt lög) SRN20060093
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið/ Hildur Dungal
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	5. ágúst 2020

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Ljóst að ýmsir lagabálkar á málefnasviði ráðuneytisins hafa lokið hlutverki sínu eða orðnir úreltir án þess þó að hafa verið formlega felldir á brott.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að fella brott lagabálka á málefnasviðum samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytis sem ekki hafa þýðingu lengur. Úrelt lagaákvæði sem gegna ekki lengur tilætluðu hlutverki geta valdið óvissu í lagaframkvæmd.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Viðkomandi lagabálkar eiga ekki lengur við, ýmist sökum þess að heildarendurskoðun regluverks á málefnasviði ráðuneytisins hefur leyst af hólmi sérsniðin lagaákvæði sem ekki hafa verið felld brott, eða vegna þess að hlutverk þeirra var afmarkað í tíma. Að óbreyttu munu lagabálkarnir standa áfram í lagasafninu.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Áformin varða ýmis málefnasvið ráðuneytisins.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Með fyrirhuguðu frumvarpi er stefnt að því að löggjöf sem ekki hefur þýðingu lengur verði felld á brott og með því er stuðlað að betra samræmi og yfirsýn að því er varðar gildandi rétt, á þeim sviðum sem löggjöfin snertir.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Lagabálkarnir myndu standa áfram í lagasafninu þrátt fyrir að vera úrelt lagasetning og því mögulega flækjast fyrir við leit að gildandi löggjöf.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Önnur úrræði en brottfelling gagnast ekki varðandi formlega stöðu lagabálka.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Að fella á brott viðkomandi lagabálka í safnlögum (bandormi). Að öðrum kosti að leggja fram frumvarp um brottfall hvers og eins lagabálks.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Fyrirhugað frumvarp nær til nokkurra kafla lagasafnsins sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Skilvirkasta leiðin er að fella lagabálkana á brott í einu frumvarpi. Leiðin felur ekki í sér efnisbreytingu á gildandi rétti.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Um er að ræða fyrirhugað brottfall m.a. eftirfarandi lagabálka:

- i. Lög um lagningu sjálfvirks síma, nr. 32/1981
- ii. Lög um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, nr. 72/2000.
- iii. Lög um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, nr. 160/2000.
- iv. Lög um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001.
- v. Lög um bæjarstjórn Ísafjarðar, nr. 67/1917.
- vi. Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja, nr. 26/1918.
- vii. Lög um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30/1918.
- viii. Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, nr. 61/1919.
- ix. Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, nr. 48/1928.
- x. Lög um bæjarstjórn á Akranesi, nr. 45/1941.
- xi. Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði, nr. 60/1944.
- xii. Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki, nr. 57/1947.
- xiii. Lög um bæjarstjórn í Keflavík, nr. 17/1949.
- xiv. Lög um bæjarstjórn í Húsavík, nr. 109/1949.
- xv. Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, nr. 30/1955.
- xvi. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Setljarnarneshreppi, nr. 16/1974.
- xvii. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni, nr. 17/1974.
- xviii. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi, nr. 18/1974.
- xix. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi, nr. 19/1974.
- xx. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni, nr. 20/1974.
- xxi. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, nr. 83/1975.
- xxii. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi, nr. 86/1975.
- xxiii. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Selfoskaupþúni, nr. 8/1978.
- xxiv. Lög um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi, nr. 34/1983.
- xxv. Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989.
- xxvi. Lög um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrá og reglugerðum, nr. 83/1971.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Nei.
2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei.
3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Engir hagsmunir eru tengdir áformunum aðrir en hagsmunir almennings af því að úreltum lögum sé ekki haldið við í lagasafni.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Já. Efni sumra lagabálkana snerta málefna við annarra ráðuneyta að einhverju marki, en með vísan til þess að þeir eru úreltir hafa áformin ekki eiginleg áhrif á stjórnarmálefni annarra ráðuneyta.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Opið samráð hefur ekki farið fram..

4. Fyrirhugað samráð

Áform og síðar meir drög að frumvarpi verða kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Engin bein áhrif, engin fyrirséð óbein fjárhagsáhrif.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já. Áætlað er að frumvarpið verði lagt fram í febrúar 2021.
2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Á ekki við, með vísan til þess að lagabálkarnir hafa lokið hlutverki sínu.
3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Ekki er þörf á sérstökum undirbúningi svo lagasetning beri árangur þar sem um er að ræða brottfall úreltra laga.
4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Mun ekki gerast þörf, sbr. lið 3.
5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Mun ekki gerast þörf, sbr. lið 3.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum